

Könnun á merkingum plastumbúða innlendra og erlendra mat- og hreinlætisvara

1. Bakgrunnur

Samkvæmt 5. gr. og II. viðauka reglugerðar nr. 609/1996 um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs eiga allar plastumbúðir að bera merki sem tilgreinir plasttegund umbúðar sem er nauðsynlegt fyrir skilvirka flokkun og endurvinnslu. Merkingin er ýmist þríhyrningur með númeri, skammstöfun á heiti plasttegunar eða hvort tveggja.

Markmið könnunarinnar sumarið 2015 var að kanna tíðni réttra merkinga á stikkprufum og vekja athygli íslenskra framleiðenda á skyldu þeirra til að merkja plastumbúðir. Sambærileg könnun var gerð sumarið 2013 og nú var leitast við að skoða sömu vörur eða sambærilegar ef þær nákvæmlega sömu fundust ekki í hillum.

2. Aðferð

Tölvupóstur var sendur til þeirra verslana sem könnunin var framkvæmd í. Þá var sendur tölvupóstur til Samtaka iðnaðarins, Samtaka verslunar og þjónustu, Samtaka atvinnulífsins og helstu framleiðenda og birgja á Íslandi til að láta vita af könnuninni og jafnframt vekja athygli á málinu.


Þann 15. júlí sl. var farið í þrjár stórar lágvöruverðsverslanir á höfuðborgarsvæðinu, Bónus í Skeifunni, Krónuna á Bíldshöfða og Nettó í Mjódd. Þessar verslunarkeðjur urðu fyrir valinu vegna þess að vöruúrval þeirra er mikið og þær eru með verslanir víða um land. Þetta eru sömu útibú og farið var í 2013.

Könnunin tók til matvöruumbúða og snyrti/ræstivöruumbúða í sex flokkum: niðursneitt brauð, forpakkað kjöt í plastbökkum, sósur (íssósur, tómatsósur, kaldar sósur), mjólkurvörur (jógúrt, skyr, ís), uppþvottalögur og sjampó.

3. Niðurstöður


Alls voru skráðar 108 vörur í sex vöruflokkum, sami fjöldi og árið 2013 en aðeins 88 vörur nákvæmlega þær sömu. Af þessum 108 vörum var 91 vara eða 84% merkt með

plastmerkingum en 17 vörur eða 16% báru engar merkingar (sjá mynd 1). Vörurnar voru ýmist merktar með þríhyrningi og númeri, með þríhyrningi og skammstöfun plasttegundar eða aðeins skammstöfun plasttegundar.




Mynd 1. Hlutfall merktra og ómerktra vara.

Mynd 2 sýnir hlutfall merktra vara í hverjum flokki fyrir sig.




Mynd 2. Hlutfall merktra vara innan flokka.

Ef heildarúrtakið 2015 er borið saman við heildarúrtakið 2013 sést að hlutfallslega fleiri umbúðir voru merktar í seinna skiptið sem könnunin var gerð (sjá mynd 3).




Mynd 3. Hlutfall merktra vara 2013 borið saman við 2015.

Ef innlendar og erlendar vörur eru bornar saman sést að þær erlendu eru mun oftast merktar en þær innlendu. Skýrist þetta helst af því að öll brauð sem skoðuð voru eru framleidd á Íslandi (sjá mynd 4). Sú staðreynd skýrir einnig bætinguna hjá íslenskum framleiðendum milli ára. Ástæðan fyrir því að hlutfall merktra erlendra vara hefur lækkað milli ára er fyrst og fremst sú að úrtakið var svolítið ólíkt en auk þess var ein erlend vara sem var merkt 2013 en ekki 2015.



Mynd 4. Hlutfall merktra vara, íslenskir framleiðendur bornir saman við erlenda.

Lítum nú á þær 88 vörur sem skoðaðar voru bæði 2013 og 2015. Merkingum hefur fjölgað töluvert milli ára, mestar framfarir eru í flokki niðursneiddra brauða en einnig talsverðar í flokki sósa (sjá mynd 5).



Mynd 5. Hlutfall merktra vara eftir flokkum. 88 vörur sem skoðaðar voru bæði 2013 og 2015.

4. Lokaorð

- Þótt merkingar á pokum utan um niðursneidd brauð hafi batnað mikið síðan 2013 er enn þörf á úrbótum. Þessi flokkur er sá sem dregur heildarhlutfallið helst niður.
- Í engum flokki sem skoðaður var voru allar vörur merktar. Af heildarúrtakinu (108 vörum) var 91 vara eða 84% merkt með plastmerkingum og ef frá er talinn flokkur niðursneiddra brauða er hlutfall merktra vara um 90%.
- Af þeim 88 vörum sem skoðaðar voru bæði 2013 og 2015 fór hlutfall merktra vara úr 74% upp í 86% milli kannana.
- Í framhaldi af könnuninni verður samantekt send í tölvupósti til allra þeirra sem fengu tilkynningu í aðdraganda hennar auk endurvinnsluaðila. Þeir aðilar sem ekki höfðu vörur sínar rétt merktar fá auk þess senda kröfu um úrbætur og í framhaldi af því verður þvingunarúrræðum beitt.